

Fundarstaður: Végarður, kl 9:00

Sameiginlegur fundur samfélagsnefndar og sveitarstjórnar.

Á fundinn mættu; Þórhallur Jóhannsson, Signý Ormarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson (oddviti), Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Anna Jóna Árnmarssdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Dagskrá

1. Drög að ársskýrslu verkefnastóra Fagrar framtíðar í Fljótsdal
2. Áhersluverkefni ársins 2021

Oddviti bauð alla velkomna til sameiginlegs fundar sveitarstjórnar og samfélagsnefndar.

Verkefnastjóra gefið orðið.

1. Drög að ársskýrslu

Verkefnastjóri fór yfir drögin sem send höfðu verið fyrir fundinn til fundarmanna. Farið var yfir hvert ársáætlunarverkefni 2020 og rætt um stöðu þeirra. Ljóst er að Covid-19 og samkomutakmarkanir hafa spilað inn í framgang nokkra verkefna ekki síst þeim sem byggja á fundum eða viðburðum.

Nokkur verkefnanna eru þannig að áföngum hefur verið náð eða munu nást fyrir áramót og framhaldið á næsta ári. Má þar nefnda verkefni er tengjast, m.a. heimasíðu hreppsins og miðlun efnis til íbúa um þjónustu, kortlagning á afþreyingu og gönguleiðum ásamt merkinum þeirra, o.fl.

Verkefnastjóri hvatti fundarmenn að koma með ábendingar og athugasemdir á framfæri við drögin þar sem æskilegt er að hún komi inn á flest það sem unnið hefur verið að á árinu.

Oddviti þakkaði yfir kynninguna og opnaði fyrir umræður.

- Almenn ánægja með framgang verkefna og að sjá samantekt í ársskýrslu. Það hafi líka verið gæfa samfélagsverkefnisins að fá verkefnastjóra til að fylgja eftir málum samfélagsnefndar.
- Komið var inn á mikilvægi þess að ramma betur inn heimildir og ábyrgð nefnda á vegum sveitarfélagsins sem og skerpa á verkefnum sem falla inn í þjónustusamninga sem sveitarfélagið hefur gert við aðila um afmörkuð viðfangsefni.
- Rætt um mikilvægi þess að rýna heimasíðuna og setja í ákveðinn farveg. Sveitarstjórn var búin að samþykkja að fela sveitarstjóra að skipa rýnihóp. Sveitarstjóri reifaði hugmynd sem fundarmenn tóku vel í.
- Rætt um skráningu örnafna. Hvort ekki sé rétt að vera með sérstakt átak í því í janúarmánuði.
- Komið inn á það hvort helstu forgangsverkefnin ættu ekki að beinast að sjálfbærum landbúnaði, skógrækt og umhverfismálum á næsta ári. Almennt jákvæðar undirtektir á því.
- Sú skoðun kom líka fram að ekki hefði náðst að þjappa íbúum saman og byggja upp félagslega heild sem hefði þó verið eitt markmið samfélagsverkefnisins. Þetta nokkuð rætt en viðkomandi gat þó ekki nefnt með hvaða hætti væri hægt að breyta þessu eða með hvaða hætti þetta bitnaði á verkefnunum. Verkefnastjóri sagði samfélagið almennt vera jákvætt og

að jafnaði góð þátttaka í því sem briddað hefði verið uppá. Fjöldi umsókna í Samfélagsjóðinn endurspeglar grósku og frumkvæði og þátttaka á fræðslufundum verið framar vonum. Fleiri tóku undir það og komu inná mikilvægi þess að hafa almennt jákvætt viðhorf og tala upp verkefnið frekar en hitt enda verið að vinna að verkefnum sem íbúar hafa kallað eftir. Þó verkefnið höfði ekki til allra þá fellur það að áhugasviði einhverra, annars væri það ekki á verkefnaskránni. Fjöldi þátttakenda segir því ekki allt í þessu samhengi.

- Verkefnastjóri og oddviti komu inn á það að sveitarstjórn tæki nú við byggðakjarnaverkefninu þar sem næsta skref er að skoða samninga við landeigendur. Jákvæðar undirtektir komu fram um það enda ábyrgðin á sveitarstjórninni að ganga frá þeim málum. TGJ mun svo koma inn með síðasta hluta vinnunnar, miðað við samning, er varðar að fullvinna deiliskipulagstillögu miðað við einn stað.

2. Áhersluverkefni ársins 2021

Verkefnastjóri fór yfir skjal með áhersluverkefnum ársins 2021. Skjalið er enn í vinnslu en var einnig sent til fundarmanna fyrir fundinn. Þar sem ekki er hægt að boða til samfélagsþings miðað við fjöldatakmörkanir var nýtt sú leið að kynna stöðu verkefnanna í gegnum könnunarform og biðja um ábendingar að nýjum áhersluverkefnum eða viðbótum. Nokkrar bærust þá leiðina en einnig með símtölum og spjalli. Farið var sérstaklega yfir það sem kom nýtt inn í skjalið sem og bent á þau verkefni sem betur eiga heima á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins en í gegnum samninga og sjóði.

Yfirskriftir áhersluflokka frá fyrra ári eru nokkuð opnir og því rúma þeir fjölbætt verkefni sem flestir eru á að halda áfram með. Unnið verður áfram með skjalið og því enn hægt að koma með ábendingar, tillögur og tilgreina farveg fyrir verkefni.

Verkefnastjóri hvatti sveitarstjórn til að fara yfir listann og skoða mögulega fjármögnun á verkefnum sem falla beint að sveitarfélaginu og taka tillit til þeirra athugasemda sem fram hafa komið í umræðunni á fundinum og frá nefndum sveitarfélagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:10

Ásdís Helga Bjarnadóttir
ritaði